

14. verkefni 14jardskjalftar

	Aðgerð	Skýring
1.	Breyttu spássíum : Efst=2,5 neðst=3 vinstri=2 og hægri=2	
2.	Settu síðuhaus og fót skv. fyrirmynd. Hafðu 10 pt letur	(Notaðu flýthluti)
3.	Gerðu þessar breytingar á öllu skjalinu (veldu það með Ctrl + A fyrst): Línubil=1 Letur=Book Antiqua 11pt Stilling efnisgreina=Jafnaðar Tungumál=Íslenska	
4.	Breyttu: jarðsskjálftt í jarðskjálft og tveimur orðabilum í eitt (notaðu Breyta gluggann)	
5.	Breyttu fyrirsögninni Jarðskjálftar: Miðjuð, textaáhrif, 22 pt letur	
6.	Breyttu fyrirsögninni Jarðskjálftinn í Suður-Asíu : Feitletrun, 12 pt grænt letur, litlir hástafir, stafabil 2pt, millibil á undan 12, á eftir 6 pt	
7.	Notaðu sniðpensilinn til að setja sama útlit á fyrirsagnirnar sem byrja „Stærsti...” og „Mannskæðustu...”	
8.	Settu stóran forstaf á fyrstu efnisgrein	Notaðu letrið Elephant
9.	Settu ramma utan um málsgreinina sem byrjar „Gerð mannvirkja...”: Stíll línu : tvöföld bylgjótt lína  , skuggi , grænn línulitur , ljósgræn skygging í ramma, valkostir : 10pt bil	
10.	Settu inndrátt á málsgreinina með rammann: 1,5 sm frá vinstri og hægri	
11.	Áherslumerktu listann yfir öfluga skjálfta. Stilltu merkið á 0 sm og textann á 0,5 (á reglustiku)	
12.	Settu neðri rammalínu á tómu línuna neðan við listann.	
13.	Smelltu á hnappinn fyrir dálkhök þar til hann sýnir Hægra dálkhak 	
14.	Taflan yfir mannskæðustu skjálfta er skrifuð með dálkbilum. Veldu textann (7 línur). Á reglustikunni: Smelltu á 7, 11, 14,5 og 16 til að setja dálkhök þar	
15.	Smelltu á hnappinn fyrir dálkhök þar til hann sýnir Tugabrotsdálkhak  Hafðu listann valinn. Fjarlægðu dálkhakið á 16 (dragðu það niður). Smelltu á 16 til að setja tugabrotsdálkhak þar. Færðu merkið á 16,25 sm .	
16.	Settu punktalínu á 7 sm dálkinn: Hafðu listann valinn. Tvísmelltu á eitt dálkhakið á reglustikunni til að opna gluggann Dálkhök . Veldu 7 cm , svo Leiðilína 2 Smelltu á Í lagi .	
17.	Settu bendilinn aftan við neðstu línu listans (Kína ... 7,5) og ýttu á Enter. Kláraðu listann .	
18.	Hægristilltu heimildina . Gakktu frá skv. fyrirmynd (feitletrun, skáletrun)	
19.	Settu inn neðanmálsgreinar 1 og 2. Mundu að nota dálklykil til að skrifa bilið. Stilltu hangandi inndrátt á reglustikunni á 0 og 1 	
20.	Settu inn ClipArt myndir . Leitarorð: earthquake, tsunami	
21.	Gættu þess að skjalið komist á eina blaðsíðu (t.d. má eyða 1 – 2 tómunum línunum, minnka myndir, minnka neðri spássíuna aftur)	

Jarðskjálftar

JARÐSKJÁLFTINN Í SUÐUR-ASÍU

Jarðskjálftinn mikli sem reið yfir í Suður-Asíu á annan í jólum 2004 átti upptök sín nálægt eyjunni Súmötru í Indlandshafi. Hann var 9 stig og er því 4.–5. stærsti skjálfti sem mælt hefur frá því mælingar hófust í byrjun síðustu aldar. Hann átti upptök sín á flekamótum, eins og langflestir stærri jarðskjálftar.



Gerð mannvirkja, byggingarlag, byggingarefni og undirstaða hefur mikið að segja um það hversu mikið tjón verður í jarðskjálftum. Einnig skiptir miklu máli hversu þéttbýlt er á áhrifasvæði skjálftans og á hvaða tíma sólarhrings skjálftinn verður, þ.e. hvort fólk er innanhúss eða utandyra.

STÆRSTI JARÐSKJÁLFTI FRÁ UPPHAFI MÆLINGA

Stærsti jarðskjálfti¹ frá upphafi mælinga varð í Chile 22. maí 1960. Sá skjálfti mældist 9,5 stig og var skjálftamiðjan um 160 km úti fyrir strönd landsins. Þessi mikli jarðskjálfti olli verulegu tjóni, aðallega í suðurhluta Chile en einnig á Hawaii, í Japan, á Filippseyjum og í Bandaríkjunum.

Þrír öflugustu jarðskjálftar frá því að mælingar hófust

- Chile² 22. maí 1960, 9,5 stig
- Alaska (Prince William Sound), 28. mars 1964, 9,2 stig
- Alaska (Andreanofeyjar), 9. mars 1957, 9,1



MANNSKÆÐUSTU JARÐSKJÁLFTAR SÍÐUSTU 100 ÁRA

Staður	Dagsetning	Manntjón	Stærð
Undan strönd Súmötru.....	26. desember 2004	297.000	9,0
Kína (Gansu).....	16. desember 1920	200.000	8,62
Kína (nágrenni Xining)	22. maí 1927	200.000	7,93
Japan (Kwanto)	1. september 1923	143.000	7,912
Perú.....	31. maí 1970	66.000	7,9
Kína (Gansu).....	25. desember 1932	70.000	7,63
Kína (Tangshan).....	27. júlí 1976	255.000	7,5
Pakistan (Quetta)	30. maí 1935	30–60.000	7,5
Sovétríkin (Túrkmenistan)	5. október 1948	110.000	7,3
Ítalía (Messína).....	28. desember 1908	70–100.000	7,2

Heimild:

Vísindavefurinn. Skoðað 4. ágúst 2010.

¹ Stórum jarðskjálftum á hafsbotni geta fylgt skjálftaflóðbylgjur sem kallast „tsunami“ á ýmsum erlendum tungumálum. Þær eru lágar á rúmsjó en rísa þegar þær koma á grunnsævi.

² Fjárhagslegt tjón í Chile af völdum skjálftans var metið á 550 milljónir US\$ á þeim tíma.